



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Mannvit
B.T. Sigurður Sigurjónsson
Urðarhvarfi 6
203 Kópavogur

Efni; Þverun Steinslækjar og Rauðalækjar í Rangárvallasýslu með 132kV rafstreng.

Með símtali og tölvupósti 22. október sl. óskaði Mannvit verkfræðistofa eftir umsögn um áhrif þverunar rafstrengs yfir Steinslæk og Rauðalæk í Rangárvallasýslu. Um er að ræða 132 kV rafstreng sem koma á í stað loftlínu. Framkvæmd þverana verður þannig háttað að verktaki mun grafa og fleyga skurð og leggja ídráttarrör í skurðbotn. Rörin verða fergð og skorðuð af sekkjum fylltum steinsteypu og gengið frá í framhaldinu með grjótvörn og fyllingu. Í áætlun um þverun Steinslækjar er áformað að ídráttarrör verði grafin í malarbotn á 1,5 m dýpi en við þverun Rauðalækjar verða ídráttarrör fleyguð í klapparbotn á 0,7 m dýpi. Framkvæmdasvæðið í Steinslæk verður rétt sunnan brúar á Hringvegi við býlið Áshól (mynd 1) og í Rauðalæk 580 m neðan brúar á Hringvegi (mynd 2). Hér verður fjallað um áhrif þverunar á lífríki í vatni og veiðinytjar.



Mynd 1. Þverun Steinslækjar við Áshól. Gul brotin lína táknar lagnaleiðina.



Mynd 2. Þverun Rauðalækjar 580 m neðan brúar á Hringvegi. Gul brotin lína táknar lagnaleiðina.

Steinslækur er mýrarlækur sem á upptök sín við Marteinstungu í Holtum. Til lækjarins liggur afrennsli fjölda framræsluskurða, allt frá upptökum og að ósi í Þjórsá. Nokkrir smálækir renna til hans en þeir eiga flestir upptök sín í votlendi í Holtum. Sjógöngufiskum er gengt í Steinslæk, upp að ófiskgengum fossi 4 km ofan brúar á Hringvegi. Framkvæmdasvæðið er því á fiskgengum hluta lækjarins.

Veiðimálastofnun gerði rannsókn á læknum árið 2008 en þá voru uppeldisskilyrði og útbreiðsla laxfiska könnuð víðs vegar m.a. þar sem þverun rafstrengs er áætluð nú. Niðurstaða rannsóknarinnar 2008 var að í læknum væri nokkurt uppeldi urriða- og laxaseiða, auk hornsíla og þar væru ágæt skilyrði til seiðauppeldis. Í rannsókninni var rafveitt á þeim stað sem þverun er fyrirhuguð nú og fannst þar nokkuð af sumargömlum (afsprengi hrygningar haustið áður) laxa- og urriðaseiðum (Benóný Jónsson og Magnús Jóhannsson 2008).

Rauðalækur á upptök sín í mýrlendi í Holtum og myndast úr safni nokkurra lækja, þar eru mestir Austurgil og Ölversholtsgil. Einnig tekur hann til sín allnokkuð af vatni úr uppgröfnum skurðum. Lækurinn hefur ós í Þjórsá vestan við byggðina í Þykkvabæ og hefur þá runnið u.þ.b. 27 km leið. Á leið sinni tekur hann til sín vatn úr Hnútsvatni og fellur þar nokkru neðar um Frakkavatn en neðan þess heitir lækurinn Kálfalækur. Þótt það sé ekki þekkt, má af loftmyndum dæma að lækurinn sé fiskgengur um 22 km leið eða frá ósi í Þjórsá að fossi sem er um 120 m neðan við brú á Hringvegi við Rauðalæk. Fiskgengt er því á svæðið þar sem fyrirhugað er að þvera lækinn.

Ein athugun á lífríki Rauðalækjar hefur farið fram, en það var í júní 2020 þegar útbreiðsla laxfiska var skoðuð á ófiskgengum hluta lækjarins rétt ofan brúar á Hringvegi. Þá fundust urriðaseiði í fremur lágum þéttleika en ekki aðrar tegundir laxfiska (Magnús Jóhannsson 2020). Að öðru leyti hefur Hafrannsóknastofnun ekki gert neinar lífríkisrannsóknir á Rauðalæk og því lítið þekkt um fiska eða annað

lífríki þar. Veiðinýting er ekki þekkt. Gera má ráð fyrir að á fiskgenga hluta lækjarins sé einkum að finna urriða en þar er trúlega einnig lax líkt og er í Steinslæk.

Umsögn

Seiði laxfiska halda sig gjarna á grýttum búsvæðum í ám og lækjum. Þar sem botnefni er fínt (leir, sandur) og þar sem er slétt klöpp eru búsvæði rýrari. Á þverunarstað í Steinslæk eru botnefni fremur fín og straumur fremur hægur. Á þverunarstað Rauðalækjar eru botnefni aðallega klöpp. Á hvorugum staðnum eru því kjöraðstæður til uppeldis seiða. Engu að síður geta þveranir haft neikvæð áhrif á seiði og annað lífríki í vatni, einkum á meðan framkvæmdir fara fram. Áhrifin eru einkum vegna röskunar á botni og gruggunar árvatnsins. Afföll í seiðastofnum geta haft áhrif á fiskgengd, veiðimöguleika og viðgang stofna síðar. Þá getur gruggugt árvatnið haft tímabundin neikvæð áhrif á veiðinýtingu.

Við framkvæmdir þarf að gæta þess vel að óhörðnuð steypa blandist ekki saman við árvatn Steinslækjar og Rauðalækjar. Í verklýsingu er þess getið að notuð verður steinsteypa sem sett verður í poka/sekki og þeir lokaðir til að tryggja að ekki skolist ofan af óharðnaðri steypunni. Við þennan verklið er mjög mikilvægt að vandað sé til verka og notaðar vatnsheldar umbúðir um steypuna, því að sement er mjög eitrað fyrir vatnalíf. Eitrunin stafar af því að kalkið í sementi er mjög vatnsleysanlegt og hefur mikil áhrif á sýrustig árvatnsins og eykur basavirkni. Slíkt getur valdið bruna á roði fiska og dauða fiska og annars vatnalífs.

Við framkvæmdir þarf sérstaklega að hafa eftirtalda þætti í huga til að lágmarka áhrif á lífríki.


- 1) Framkvæmdaaðili skal gæta þess að hafa sem minnst áhrif á vatn vatnsfalla svo sem að grugga það upp að óþörfu.
- 2) Hindra að olía eða aðrir skaðlegir vökvar smitist frá vinnuvélum og tækjum í eða við vatnsföll.
- 3) Reynt skal að takmarka framkvæmdasvæðið og umferð farartækja um farveginn eins og kostur er.
- 4) Ganga skal frá framkvæmdastað þannig að hætta á að lífríki skaðist sé í lágmarki.
- 5) Gætt sé sérstaklega að meðferð eldsneytis og annarra efna sem gætu verið skaðleg lífríkinu.

Samráð verði haft við landeigendur um framkvæmdina. Mikilvægt er að verktakar verði upplýstir um umhverfisáhrif og hvernig best sé að verki staðið. Lífríki og vistkerfi í vatni eru ekki jafn sýnileg og á landi þótt þar gildi flest sömu lögmál varðandi áhrif framkvæmda.

Vakin er athygli á að í lögum um lax- og silungsveiði nr. 61, 2006 segir: „*Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu*“.

Ef rétt er að staðið er ekki að sjá að umræddar framkvæmdir hafi umtalsverð áhrif á lífríki eða veiðinýtingu í Steinslæk og Rauðalæk.

F. h. Hafrannsóknastofnun



Benóný Jónsson

Heimildir:

Benóný Jónsson og Magnús Jóhannsson 2008. Fiskrannsóknir í Steinslæk 2008. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST/08032: 14 bls.

Magnús Jóhannsson 2020. Þverun Rauðalækjar í Rangárþingi Ytra með 11kV rafstreng. Umsögn Hafrannsóknastofnunar til Rarik ohf. 08.06.20: 3 bls.